



535. Stjórnarfundur haldinn 16. janúar 2020 kl:18:30

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Þórður Magni Kjartansson (ÞMK), Bjarney S. Snævarsdóttir (BS), Birgir Már Bragason (BMB) Eva Björk Sveinsdóttir (ES) og Jónína Steinunn Helgadóttir (JH).

Fjarverandi: Sveinbjörg Sigurðardóttir (SS).

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð yfirfarin og samþykkt.

2. Innkomin bréf

Bréf frá knattspyrnudeild, en þeir óska eftir því að fá að sjá um og halda leikjanámskeið 2020. **Samþykkt og framkvæmdastjóra falið málið.**

Bréf frá knattspyrnudeild vegna frestunar á endurgreiðslu á láni sem veitt voru 2017 og 2019. **Ákveðið er að fá fund með formanni og gjaldkera knattspyrnudeildar og fara yfir stöðu mál.**

Tölvupóstur frá UMFÍ „Ráðstefna um Jafnrétti barna og unglina í íþróttum“. **Móttekið.**

Tölvupóstur frá formanni knattspyrnudeildar vegna breytingar á samstarfssamningi við Reykjanesbæ og svar tölvupóstur frá Helga Arnarssyni og Hafþóri Barða Birgissyni. **Móttekið.**

Tölvupóstur frá RSK vegna launamiða og staðgreiðslu. **Móttekið.**

Tölvupóstur frá formanni sunddeildar vegna hvaða fyrirkomulag ætti að vera varðandi fatlaða. **Ákveðið að kalla formann sunddeildar á fund aðalstjórnar.**

Skinfaxi.

3. Send bréf

Ýmis tölvupóstur áframsendur á stjórnir deilda.

Tölvupóstur sendur á Helga Arnars og Hafþór Barða Birgis varðandi ósk formanns knattspyrnudeildar um breytingar á væntanlegum samstarfssamningi við Reykjanesbæ

4. Aðalfundur deilda og félagsins

Búið er að auglýsa aðalfundi deilda. Aðalfundur félagsins verður 17. febrúar kl. 20:00. BS og ÞMK hafa ákveðið að gefa ekki kost á sér til endurkjörs.

5. Nýr starfsmaður

ÞMK, BMB og ES skipa nefnd hvað varðar starfslýsingu fyrir nýjan starfsmann. Nefndin lagði fram tillögur af ráðningarsamningi við væntanlegan íþróttafulltrúa og einnig tillögur að breytingum á ráðningarsamningi framkvæmdastjóra. Umræður um málið. EH þakkaði nefndinni fyrir vel unnin störf. Stjórnarmenn með þessar tillögur til skoðunar fram á næsta fund. BMB tók það fram að hér væri um trúnaðargögn að ræða. ES sendir tillögur á stjórnarmenn í tölvupósti.

7. Önnur mál

EH mætti í Myllubakkaskóla til að kynna fyrir nemendum í 3. – 6. bekk hvað sé í boð varðandi íþróttaiðkun hjá Keflavík. Nokkrar umræður urðu um málið

ES og BMB ætla að gera handrit af ör myndbandi sem kynnir hverja íþróttagrein og sett verður inn á heimasíðu félagsins. Reyna á að fá Davíð Óskarsson til að gera síðan myndbandið.

Umræður um að það yrði frítt fyrsta mánuðinn sem nýir einstaklingur skár sig hjá deildum Keflavíkur.

Þorablót Keflavíkur um helgina.

Næsti fundur verður 29. janúar kl. 18:00

Fundi slitið kl. 19:30. Fundinn ritaði BS.

